



**Kristín Karlsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Uppeldis- og menntunarfræðideild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands:**

„Námsferli leikskólabarna“ á ensku „Children’s learning process“

föstudaginn 13. janúar kl. 13:00 í Hátíðasal Háskóla Íslands

Andmælendur eru dr. Sofia Avgitidou, prófessor við University of Western Macedonia, Grikklandi og dr. Dr. Tuija Turunen, Professor at University of Lapland,

Aðalleiðbeinandi var Dr. Leigh O’Brien, prófessor við SUNY Geneseo háskóla USA, meðleiðbeinadi var Jóhanna Einarsdóttir prófessor við Háskóla Íslands einnig sat í doktorsnefndinni dr. Gretar L Marinósson prófessor emeritus við háskóla Íslands

Dr. Ólafur Páll Jónsson, dósent og deildarforseti Uppeldis- og menntunarfræðideildar við Menntavísindasvið, stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

Föstudaginn 13. janúar, kl. 13.00 fer fram doktorsvörn frá Uppeldis- og menntunarfræðideild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þá ver Kristín Karlsdóttir doktorsritgerð sína. Verkefnið ber heitið „Námsferli leikskólakennara“ á ensku „Children’s learning process“.

## Um verkefnið

Rannsókn þessari er ætlað að varpa ljósi á þátttöku barna í leikskóla. Markmið rannsóknarinnar er tvíþætt: að kanna ýmsa þætti sem hafa áhrif á námsferli ungra barna í tveimur ólíkum leikskólum; og að lýsa því af nákvæmni hvernig börn læra með þátttöku í daglegu lífi leikskóla síns.

Beitt er eigindlegri rannsóknaraðferð og leitað til aðferða þjóðfræði (e. ethnography), til að kanna þátttöku barna í daglegu starfi tveggja leikskóla. Annar skólinn starfar í anda leikskóla í borginni Reggio Emilia á Ítalíu en hinn styðst við íslenska leikskólafélagið, Hjallastefnuna. Byggt er á félagsmenningarkenningu, þar sem lögð er áhersla á mikilvægi félagslegslegra þátta í námi barna, og er rannsóknin jafnframt undir áhrifum „félagsfræði barnæsku“ (e. sociology of childhood).

Samkvæmt þeim hugmyndum er litið á börn sem virka einstaklinga sem eru hæfir til að beita áhrifamætti (e. agency) sínum þegar þau skapa merkingu í samskiptum við fullorðna og önnur börn. Auk þess er litið svo á að uppeldis- og kennslufræði, leikur og valdatengsl milli leikskólakennara og barna, auk félagamenningu þeirra séu meðal þeirra þátta sem hafi áhrif á námsferli barna. Niðurstöður benda til þess að í leikskólunum tveimur séu valdatengsl í samskiptum leikskólakennara og barna ólík. Þrátt fyrir þennan mun sýna gögnin að þátttaka barnanna (e. participation) og hneigð þeirra til náms (e. learning disposition) sé ótrúlega lík í leikskólunum. Leikskólarnir áttu það sameiginlegt að í barnahópnum fengu börnin næg tækifæri til að taka þátt í leik og samskiptum og finna lausnir í ýmsum aðstæðum, auk þess var í báðum skólum beitt sérstökum aðferðum til að hvetja börn til að tjá viðhorf sín. Niðurstöður benda til þess að dagleg reynsla barnanna þar sem þau fá tækifæri til að leika sér í barnahópnum hafi meiri áhrif á nám þeirra en sértækar aðferðir sem tengjast ólíkum skólanámskrám leikskólanna. Nýta má niðurstöðurnar á íslenskum og alþjóðlegum vettvangi í samræðu um það hvernig skóli fyrir fimm ára börn ætti að vera. Draga má þá ályktun af rannsóknarniðurstöðunum að ákjósanlegt sé fyrir þennan aldurshóp að vera í skóla sem sér börnunum fyrir nægum tækifærum til að leika sér og þar sem jafnframt er beitt sérstökum aðferðum til að tryggja börnunum tækifæri til að tjá hugmyndir sínar og skoðanir.

## About the project

This study is an enquiry into young children’s learning processes as they participate in preschool groups. The aims of the study are two-fold: to explore the multiple factors affecting children’s learning processes while participating in two different early childhood curricular contexts; and to give a detailed description of how children are learning in their daily lives. The study uses a qualitative approach influenced by ethnography, to explore children’s participation in two preschools, one working in the spirit of Reggio Emilia in Northern-Italy and the other one uses an Icelandic curriculum, the Hjalli approach.

The theories and ideas in this study are framed by sociocultural ideas, and particularly seek support from what has been referred to as the ‘sociology of childhood.’ According to these views, the focus is on children as competent agents in their lives and their right to be heard. Furthermore, children’s experience within the preschool context is seen not only to be influenced by the pedagogy teachers provide them with but also by peer interactions in the group of children. The results reveal different power balance between teachers and children in the two preschools pedagogies. Despite these differences, the evidence of the

children's participation and their learning dispositions is surprisingly similar in both preschools. The children were frequently provided with freedom to play, interact, and find solutions within their peer groups, and in both schools, specific, but very different methods were used to encourage children to express their views. The findings suggest that the children's daily experience in play-based activities within their peer groups may be more influential for their learning processes than the specific curricular strategies employed in each preschool. Implications from the study inform both global and Icelandic discussion on provisions for five-year-old children and suggest that schooling for this age group might gain from providing children with ample opportunities to play and to express their ideas, interests, and views.

### **Um doktorsefnið**

Kristín Karlsdóttir er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Kristín lauk M.Ed.-próf í uppeldis- og menntunarfræðum frá Kennaraháskóla Íslands árið 2001. Hún lauk leikskólakennaraprófi frá Gautaborgarháskóla árið 1979 og B.A.-gráðu í sálfræði frá Háskóla Íslands 1981. Hún starfaði um árabil í leikskólum, sem leikskólakennari og leikskólastjóri. Frá 1996 hefur Kristín kennt verðandi leikskólakennurum menntunarfræði ungra barna (e. early childhood education), m.a. með áherslu á leik og skapandi starf, rannsóknir með börnum og ungmennum, skráningar í anda Reggio Emilia og Námssöguskráningar að fyrirmynd frá Nýja Sjálandi. Kristín er forstöðumaður Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) og hefur tekið þátt í rannsóknarsamstarfi á vegum RannUng sem tengist m.a. leik og námi barna, áhrifamætti barna (e. children's agency) og lýðræði í leikskólum, skráningum og mati í leikskólastarfi og samfellu milli leik- og grunnskóla.